

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um friðun á laxi. — Með 78 þóknanlegu brjefi 5. okt. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til 31. marz. laga um friðun á laxi, er alþingi síðastliðið ár hefir samþykkt.

Lagafrumvarpið kemur einkum fram sem endurskoðun á viðaukalögum 11. maí 1876 við Jónsbókar landsl. bálks LVI. kapit. um friðun á laxi; og breytingar þær, sem því er ætlað að gjöra á hinum nú gildandi lögum, eru hvorki margar nje sjerlega þýðingarmiklar. Alt um það er þó ein af þessum breytingum svo, að ráðgjafanum hefir þótt hún sjerlega ísjárverð. Þar sem nefnilega ætla má, að þýða beri lögin 11. maí 1876 á þann hátt, að í þeim sje ekkert til hindrunar því, að sá, sem einn á veiði í á, veiði lax í henni með því að þvergirða hana, þá eru aptur á móti tilsvarandi ákvarðanir frumvarpsins, og eins fyrirsögn þess, orðað á þann hátt, að forboðið móti því að þvergirða hlýtur einnig að eiga þar við, sem svona stendur á. Að því er menn vita, er sem stendur að eins ein sú á á Íslandi, að laxveiðin í henni sje eins manns eign, og það er Elliða-áin í Gullbringu- og Kjósarsýslu; en í henni hefir laxinn frá ómunatíð verið veiddur með því að þvergirða ána, fyrst af stjórninni, og síðan af privat-eigandanum, eptir að veiðin 1853 varð einstaks manns eign. — Eptir að lögin 11. maí 1876 komu út, hefir verið vakinn efi um heimildina til að beita þessari veiðiaðferð í Elliða-ánni, og spurningin um þetta liggur sem stendur fyrir hæstarjetti til úrslita. Það væri því að áliti ráðgjafans mjög óheppilegt að skera með nýrri löggjöf úr þessari sjerstöku («individuelle») rjettarþrætu, — og heyrir hún eptir eðli sínu undir úrskurð dómstólanna.

Það er þó einkanlega fyrir grundvallarskoðana sakir, að ráðgjafanum hefir þótt ísjárvert að ráða til þess, að lagafrumvarpið yrði staðfest, með því að ákvörðun þess, sú er nú var nefnd, brýtur í bága við grundvallarreglu, sem frá fornu fari hefir fylgt verið í íslenzkri löggjöf, og sem einnig hefir jafnan verið fylgt í verkinu, þá grundvallarreglu sem sje, að sá, sem einn á veiði í á, hafi rjett til að þvergirða hana. Þessi grundvallarregla var og tekin upp í frumvarp það til landbúnaðarlaga fyrir Ísland, sem stjórnin lagði fyrir síðasta alþingi, og fjellst nefnd sú, er neðri deild alþingis setti til að fjalla um málið, yfir höfuð á þessa grundvallarreglu, og í sömu átt bendir það, hversu efi deild samþykkti við aðra og þriðju umræðu að orða 2. gr. þessa lagafrumvarps, er hjer liggur fyrir.

Það verður nú eigi sjeð, að full ástæða sje til að víkja frá þessari grundvallarreglu, sem styðst við þá skoðun, að það væri óeðlileg takmörkun á atvinnufrelsinu, að meina nokkrum manni að hafa þá veiðiaðferð, sem hann álitur sjer arðsamasta, þegar hann á einn alla veiðina, og einskis annars rjettur er með því skertur.

Með því að ráðgjafinn af ástæðum þeim, sem nú voru taldar, hefir eigi þóft mega ráða til þess, að frumvarp það, sem hjer um ræðir, yrði að lögum gjört, hefir hann allra þegnlegast lagt það til, að því yrði synjað um allra hæsta staðfestingu, og hefir hans hátign konunginum þóknast að fallast allra-mildilegast á þessa tillögu 17. þ. m.

Jafnframt sem jeg tjái yður, herra landshöfðingi, það, sem að ofan greinir til þóknanlegrar leiðbeiningar, skora jeg þjónustusamlega á yður, að birta almenningi efi brjefs þessa með því, að taka það upp í B-deild stjórnartíðindanna.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu þjóðjarða. — Með 79 þóknanlegu brjefi 15. september f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frum- 31. marz. 31. dag maím. 1882.